40 9. marz 6. skúfhólki . . . . . 10 — —
7. reizlu . . . . . 9 — —
og skyldi ágóðanum varið til styrktar nefndu fjelagi.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn nægа ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

41 21. marz **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um kostnað við framfærslu þurfamanns.**— Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, skotið til mín ágreiningi um endurgjald á sveitarstyrk milli yðar og amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu, er neitar að skylda Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu til að endurgjalda sveitarsjóði Þingvallahrepps í Árnessýslu 31 kr. 50 a. framlag með hinum alkunna flökkumanni, Jóhanni Bjarnasyni »beia«, sem viðurkenndur er sveitlægur í Kirkjuhvammshreppi, og hafið þjer farið fram á, að Kirkjuhvammshreppur verði skyldaður til að greiða sveitarsjóði Þingvallahrepps nefnda upphæð

Eftir því sem hreppsnefndin í Þingvallahreppi hefir frá skýrt, var Jóhann Bjarnason »beri« staddur þar í hreppi haustið 1896 og beiddist þar verustaðar um veturinn, með því að hann eigi væri fær til að fara bæja á milli í hverju veðri að vetrarlagi. Var honum þá útvegaður verustaður fyrst um sinn í Heiðarbæ gegn 75 aura meðgjöf um daginn, og dvaldi hann þar frá 6. nóv. til 18. desbr. 1896 Þá átti hann að hafa verustaðaskipti en fór á flæking og komst burt úr hreppnum. 3. apríl 1897 ritaði svo hreppsnefndin í Þingvallahreppi sýslumanni sínum og beiddist aðstoðar hans til að fá framlag sitt endurgoldið. Hreppsnefndin í Kirkjuhvammshreppi hefir neitað að greiða upphæðina meðal annars af þeirri ástæðu, að styrkveitingin hefði eigi verið tilkynnt af hálfu Þingvallahrepps fyr en um 5 mánuðum eptir að Jóhann var tekinn á framfæri. Á þessari ástæðu hreppsnefndarinnar byggir amtmaðurinn yfir Norðuramtinu og Austuramtinu neitun sína um að skylda Kirkjuhvammshrepp til að greiða hinar umkröfðu 31 kr. 50 a., en þjer hafið aptur á móti haldið því fram, að ekki verði farið eptir hinum almennu reglum, sem gilda um skilyrðin fyrir því að fá fátækrastyrk endurgoldinn, þar sem Jóhann Bjarnason eigi í hlut, hvorki að því leyti, er snerti aðsjónargjörð nje tilkynning um að byrjað sje að veita þurfamanni styrk, enda verði eigi sagt að Kirkjuhvammshreppur hafi beðið neinn halla af því, þótt tilkynningin drægist nokkuð.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Þingvallahreppi, að með því að jeg verð að vera amtmanninum yfir Norðuramtinu og Austuramtinu samdóma um, að hreppsnefndin í Þingvallahreppi hafi eigi í tæka tíð sent tilkynning um hina umræddu styrkveiting, sbr. meðal annars lhbr. 10. marz 1888 (Stjtíð. 1888 B. bls. 57—58), úrskurðast hjermeð að Kirkjuhvammshreppur skuli eigi skyldur að endurgjalda Þingvallahreppi hinar umræddu 31 kr. 50 a.